



GRUNDARTANGI ehf.
Þ R Ó U N A R F É L A G



Skýrsla stjórnar

2019- 2020

Starfsemi Þróunarfélags Grundartanga 2019 og 2020.

Þróunarfélag Grundartanga hefur staðið fyrir fjölda verkefna sem tengjast framfaramálum á Grundartanga allt frá stofnun. Má þar m.a. nefna sviðsmyndir um framtíð atvinnusvæðisins, undirbúning að stofnun samstarfs- og þróunarklasa, kynningar fyrir sveitarstjórnarmenn, þingmenn og ráðherra, þróun heimasíðu, málafylgju vegna umferðarmála, uppsetningu kynningarefnis og forsvar í merkingarmálum á svæðinu.

Þróunarfélagið starfar skv. metnaðarfullri stefnu sem gildir til ársins 2023. Helstu áherslupætti í stefnunni eru innviðir, umhverfismál, ímyndarmál, nýsköpun- og þróunarverkefni, klasasamstarf og öryggismál.

Stefnan felst í stórum dráttum í því að svæðið sé fyrirmynd annarra iðnaðarsvæða á landinu og laði til sín fjölbreytta, metnaðarfulla og blómlega atvinnustarfsemi. Umhverfismál á svæðinu séu í takt við það besta sem gerist á heimsvísu og innviðir Grundartangasvæðisins styðji við og laði að fjölbreytta atvinnustarfsemi með lágmarks umhverfisáhrif. Þá verði svæðið þekkt fyrir nýsköpun og þróun á þeim sviðum sem tengjast atvinnustarfseminni og þar verði starfræktir samstarfsklasur fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga til að efla sérþekkingu og þróun á svæðinu. Sérstök áhersla er lögð á öryggismál í stefnunni en starfsmenn og gestir svæðisins eiga að geta treyst því að öryggismál svæðisins séu ávallt til fyrirmyndar.

Hér að neðan er nánari lýsing á helstu verkefnum Þróunarfélagsins.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið styrkur, samningur um rannsókn- og þróunarverkefni um framleiðslu á greiningu á fýsileika þess að reisa og reka rafeldsneytisverksmiðju á Grundartanga. Samningurinn var undirritaður 9. júní 2020 af Þórdís Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur nýsköpunarráðherra og Ólafi Aolfssyni stjórnarformanni Þróunarfélags Grundartanga. Hann felur í sér 50 milljóna króna styrk ríkisins við verkefnið sem unnið verður undir stjórn Þróunarfélagsins. Verkið gengur út á að fanga kolefni frá útblæstri iðnfyrirtækja á Grundartanga notkun á glatvarma og nýting endurnýjanlegrar umframorku í raforkukerfinu. Um er að ræða rannsóknar- og þróunarverkefni sem byggir á nýnæmi varðandi notkun á endurnýjanlegri raforku og varma til að framleiða eldsneyti úr vetni og koldíoxíð.

Stofnun Icelandic Electrical Fuel (Icefuel) 2.júlí 2020 20% eignaraðild
Þróunarfélagsins. Aðrir hluthafar BMJ Consultancy, Íslensk Nýorka ehf, Clara
Energy, Grófin viðskiptaþróun. Fulltrúi Þróunarfélagsins í stjórn er Ólafur
Adolfsson. **Tilgangur félagsins er:** framleiðsla rafeldsneyti á Íslandi,
orkuframleiðsla, rannsóknir, þróun og ráðgjöf á sviði orkumála og
fjárfestingarstarfsemi.

**Samningur við Icelandic Electrical Fuel (Icefuel) um framleiðsla rafeldsneytis á
Grundartanga var undirritaður 2.júlí 2020.** Samningur um rannsóknar- og
þróunarverkefni um framleiðslu á rafeldsneyti og vinna við að greina helstu
þætti og meta fýsileika þess að framleiða rafeldsneyti með endurnýjanlegri
umframorku í íslensku raforkukerfi og greining á fýsileika þess að reisa og reka
rafeldsneytisverksmiðju með Fisher-tropsch tækni. Stýrihópur félagsins er
Ólafur Adolfsson formaður Þróunarfélagsins Björgvin Helgason oddviti
Hvalfjarðarsveitar og Kristín Soffía Jónsdóttir borgarfulltrúi og formaður
stjórnar Faxaflóahafna. Verkefnastjórn Guðjón Steindórsson, Bjarni Már
Júlíusson verkefnastjóri, Aðalheiður Kristinsdóttir. verkefnastofustjóri.
Samstarfsaðilar: BMJ Consultancy slf, Nýorka, Clara Energy Ltd, Grófin
viðskiptaþróun ehf, Investco ehf, Íslensk nýorka ehf.

Orkusjóður samningur og styrkur að fjárhæð 12. milljónar króna til verkefnisins
„Orkuendurvinnsla með virkjun umframvarma á Grundartanga“ undirritaður
25. mars 2020. Hita og gufuveita á Grundartanga og nágrennis. Þróunarfélag
Grundartanga stendur þessa dagana í undirbúningi vegna stofnunar hita og
gufuveitu með nýtingu á umframvarma frá Elkem Ísland. Verkefnið gæti orðið
eitt stærsta framfaraspor í uppbyggingu innviða svæðisins á síðari árum. Mikill
áhugi er hjá fyrirtækjum á svæðinu, Hvalfjarðarsveit, Akraneskaupstað og fleiri
aðilum á stofnun hitaveitu á Grundartanga þar sem varmaorka sem fellur til á
svæðinu er nýtt. Hitaveita getur bætt rekstrarskilyrði fyrirtækja á svæðinu og
bætt samkeppnisstöðu Grundartanga gagnvart öðrum iðnaðarsvæðum en
einnig eru mikil tækifæri fólgin í því að veita heitu vatni til almennrar notkunar í
nágrenninu, bæði í Hvalfjarðarsveit og á Akranesi. Undirbúningur að
samningum um uppbyggingu hitaveitunnar er yfirstandandi en þegar hafa verið
unnar ýmsar greiningar og samantektir vegna verkefnisins.

Önnur tækifæri. Fjöldmörg dæmi eru um möguleika nýtingu á
umframvarmanum sem myndast á svæðinu. Í umræðunni um orkuskipti hafna
hefur t.d. verið horft til þess að hita upp skip í höfnum með hitaveituvatni og að
því gæti þessi framkvæmd nýst til að draga úr mengun frá skipum í höfnum

með hitaveituvatni og því gæti þessi framkvæmd nýst til að draga úr mengun frá skipum í höfninni á Grundartanga auk þess að draga úr fjárfestingu við fyrirsjáanlega landtengingu með rafmagni. Flest stærri skip eru hituð með vatni sem sækir orku í útblástureyk frá vélum skipsins. Til að halda hita á skipum þegar þau eru í höfn er algengt að orku inn á hitakerfið sé fangið með olíumiðstöð eða rafskautakatli. Til að spara raforku eða olíubrennslu í höfnum, er hægt með tiltölulega einföld aðferðum, að koma fyrir varmaskipti í vatnshitarás skipsins sem fær orku sína frá hitaveitu í landi og tengja má við skipið með meðfærilegum hitalögnum, fráhitaveitu á bryggjunni.


Breið þróunarfélag stofnað 2. Júlí 2020. Þróunarfélag Grundartanga er stofnaðili að þróunarfélaginu Breið ásamt samtökum, háskólum, Fjölbrautarskóla og fyrirtækjum á svæðinu. Aðilar lýsa hér yfir með vilja sínum til að eiga samstarf um að á Akranesi byggist upp nýsköpunarsetur og samvinnurými þar sem áhersla verður lögð á þróun og hagnýtingu snjalltækni í tengslum við athafnalíf á Vesturlandi á sviði rannsókna, sjávarútvegs, landbúnaðar, orkusækins iðnaðar, ferðaþjónustu og skapandi greina.

Heimasíða Nú stendur yfir vinna við uppsetningu heimasíðu fyrir Grundartanga þar sem meiningin er að miðla ítarlegum og nákvæmum upplýsingum um starfsemina og tækifæri á svæðinu m.a. til almennings, innlendra- og erlendra fjárfesta og nærsamfélagsins. Þegar hefur verið unnin ítarleg þarfagreining og veftré fyrir síðuna en framundan er vinna við uppsetningu og efnisöflun.

Innviðalýsing Hafin er vinna við gerð innviðalýsingar fyrir Grundartangasvæðið. Innviðalýsing er sérstaklega mikilvægt innlegg í viðræður við erlenda aðila sem ekki þekkja aðstæður á og í nágrenni við Grundartanga. Ljóst er að innviðir og þjónusta við svæðið er með því besta sem þekkist og mikilvægt að miðla upplýsingum um það á skilvirkan og nákvæman hátt.

Fjölnýtinga, nýsköpunar- og þróunarklasi á Grundartanga.

Ásamt varmaendurvinnslu vegna hitaveitu á Grundartanga stendur til að hefja víðtækt klasasamstarf fyrirtækja á svæðinu í fjölnýtingu. Markmiðið með klasasamstarfinu er m.a. að nýta betur það hráefni sem fellur til á svæðinu. Hugmyndir um raforkuframléiðslu, þörungarækt, fiskeld föngunkoltvísýrings eru á meðal mögulegra verkefna.



Fjölnýting er lykilorðið. Með fjölnýtingu er átt við að nýta betur þær auðlindir sem okkur er treyst fyrir. Á skýringamyndinni hér fyrir ofan má sjá dæmi um auðlindastrauma sem verða til í starfsemi Elkem Ísland og hægt er að nýta betur. Nýtingarmöguleikarnir eru nánast endalausir og geta sumir þeirra skapað talsverðar tekjur ef rétt er á haldið á spöðunum.

Samstarf og nýsköpun innan klasan

Klasi hvetur til aðgerða.

Með stofnun klasa á Grundartanga er markmiðið að færa aðila nær hver öðrum og hvetja til aukins samstarfs og nýsköpun á svæðinu. Bæði geta aðilar tekið að sér stærrí og fjölbreyttari verkefni í samstarfi en einnig fjölgunar á nýjum tækifærum sem annars hefði ekki orðið til. Samstarf getur leitt af sér auknar tekjur, aukið hagræði og komið að nýjum verkefnum.

Klasa verkefnið hefur mikla þýðingu fyrir starfsemina á Grundartanga, atvinnusvæðið á Vesturlandi og iðnað á Íslandi. Þegar hefur verkefnið hlotið góðar viðtökur á Grundartanga, hjá Samáli og Álklasanum. Mikil tækifæri eru fólgin í að samræma nýsköpun í orkufrekum iðnaði, málm- og efnistækni o.fl. á Grundartanga.

Klasasamstarf á Grundartanga er ólíkt mörgum öðrum klösum á Íslandi, t.a.m. Álklasanum, Sjávarklasanum, Landbúnaðarklasanum, Ferðaklasanum o.fl. vegna

Þess að klasinn á Grundartanga verður stað-og tímabundið hvatningarverkefni. Klasinn getur því haft mikil staðbundin áhrif á öflugasta iðnaðarsvæði landsins.

Svæðið er eitt öflugasta iðnaðarsvæði landsins með tvö stór iðnfyrirtæki, Kísilmálmverksmiðju Elkem Ísland og álver Norðuráls. Einnig eru starfandi verktakar, stálsmiðjur, málmendurvinnsla, heildsala og fleiri aðilar sem gera svæðið að kjörlendi fyrir staðbundið klasasamstarf.

Verkefnið gæti orðið eitt stærsta framfaraspor í uppbyggingu innviða svæðisins á síðari árum. Þetta verkefni getur orðið frábært samstarfsverkefni og sáð fræjum til að undirbúa frekari samstarfsverkefni á vettvangi klasa.

Stjórn Þróunarfélags Grundartanga:

Ólafur Adolfsson formaður, bæjarfulltrúi Akraneskaupstað.

Björgvin Helgason, oddviti, Hvalfjarðarsveitar.

Guðveig Eyglóardóttir, sveitarstjórn Borgarbyggðar.

Kristín Soffía Jónsdóttir borgarfulltrúi og stjórnarformaður Faxaflóahafna.

Árni Hjörleifsson, oddviti Skorradalshrepps.

Örn Þórðarson, borgarfulltrúi Reykjavík.

Framkvæmdastjóri Þróunarfélags Grundartanga:

Guðjón Steindórsson.